

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1999

Nr. 181

524

17. mars 1999

AUGLÝSING

**um breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna
fyrir skólaárið 1998 - 1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998.**

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum og samþykktar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 16. mars 1999 staðfest svohljóðandi breytingu á grein 3.1.1. úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1998-1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998:

Grein 3.1.1. orðist svo:

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1998 - 31. maí 1999 miðist við grunnframfærslu á Íslandi sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð hækkar frá og með mars 1999 úr 57.600 krónum í 60.500 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 182

22. mars 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 449, 16. júlí 1998,
um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1998/1999, sbr. reglugerð nr. 57/1999.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina, sbr. rg. nr. 57/1999 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. gefst þeim fiskibátum, sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakörkunum, kostur á að stunda handfæraveiðar eingöngu í 23 sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, án takmarkana á heildarafla á tímabilinu 1. apríl til 31. ágúst 1999. Um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim gilda að öðru leyti almenn ákvæði reglugerðar þessarar um sóknardagabáta. Útgerðir þeirra fiskibáta sem velja að stunda veiðar í samræmi við ákvæði 1. mgr. skulu, fyrir 15. apríl 1999, tilkynna það til Fiskistofu. Tilkynning sem berst eftir þann tíma verður ekki tekin til greina. Hafi bátur nýtt sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, fyrir 15. apríl 1999, koma þeir til frádráttar þeim sóknardögum sem honum er heimilt að nýta samkvæmt þessari grein.

Þá er og heimilt að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafلامarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001, enda hafi eigandi bátsins tilkynnt um það val til Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999. Úthlutað þorskaflahámark hvers báts skal vera sama og reiknað krókaafلامark hans í þorski skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Hafi bátur aflað meira fram til 15. apríl 1999 en sem nemur reiknuðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrir en flutt hefur verið til hans þorskaflahámark sem samsvarar umframveiði bátsins. Um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim gilda að öðru leyti almenn ákvæði reglugerðar þessarar um þorskaflahámarksbáta. Við útreikning þorskaflahámarks báta, sem velja þorskaflahámarkskerfi, samkvæmt þessari málsgrein, skal miða við aflaupplýsingar í gagnagrunni Fiskistofu þann 15. apríl 1999.

Við útreikning krókaafلامlutdeilda, samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 1/1999, skal miðað við aflaupplýsingar í gagnagrunni Fiskistofu en eigendum fiskibáta gefst kostur á að koma athugasemdum við þær á framfæri við Fiskistofu fyrir 15. júlí 1999. Hafi veiðileyfi verið flutt til báts skal aflareynsla hans fyrir flutning veiðileyfis miðast við aflareynslu þess báts/báta, sem veiðileyfi var flutt frá, enda hafi sá bátur/bátar stundað veiðar eftir sama veiðikerfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.